152. löggjafarþing 2021–2022.
Þingskjal 161 — 159. mál.

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um valfrjálsa bókun við alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

1. Hver tók ákvörðun, og í hvaða umboði, um að fullgilda ekki, „að svo stöddu“ valfrjálsa bókun við alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 10. desember 2008, eins og greint er frá í 7. mgr. fimmtu skýrslu um framkvæmd samningsins, sem var birt á vef stjórnarráðsins 14. október síðastliðinn?
2. Hvers vegna var fyrrnefnd ákvörðun tekin, hvernig var staðið að undirbúningi hennar og við hverja var haft samráð um þá ákvarðanatöku?
3. Hvaða kringumstæður eða hindranir eru „að svo stöddu“ fyrir hendi sem leiddu til þess að fyrrnefnd ákvörðun var tekin og hvenær má búast við að þeim muni verða rutt úr vegi svo hægt verði að fullgilda valfrjálsu bókunina?
4. Telur ráðherra það samræmast þeirri megináherslu sem er lögð á mannréttindi í utanríkisstefnu íslenskra stjórnvalda að fullgilda valfrjálsu bókunina ekki „að svo stöddu“, meira en áratug eftir að hún var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna?

Skriflegt svar óskast.